



Nýja brúin verður 330 m löng stagbrú með turni á Efri-Laugardælaeyju. Mynd: Vegagerðin.

Ný Ölfusárbrú tekin í notkun 2025

Síðastliðinn föstudag stóð Vegagerðin fyrir opnum kynningarfundi á Hótel Selfossi þar sem farið var yfir stöðuna á nýrri Ölfusárbrú. Ef allt gengur eftir mun nýja brúin verða tekin í notkun 2025. Hún verður 330 m löng stagbrú með turni á Efri-Laugardælaeyju. Hæð turnsins verður 60 m. Brúargólfíð verður 19 m breitt með þremur akgreinum og göngu- og hjólaleið. Helstu spár gera ráð fyrir að 4-5.000 ökutæki fari yfir brúna við opnun hennar.

Gamla brúin mun áfram verða í notkun, en þýngri ökutækjum verður ekki heimilt að fara yfir hana, enda orðin

„gömul og lúin“, að sögn Vegagerðarinnar.

Berghóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar, sér fyrir sér að rukkað verði 400 krónur fyrir að aka yfir brúna, en bæjarstjóri Árborgar, Gísli Halldór Halldórsson 100 krónur.

Framundan hjá Vegagerðinni eru að ljúka við minniháttar skipulagsbreytingar hjá Sveitarfélaginu Árborg, ákvörðun um gerð vegamóta austan Selfoss, ljúka samningum við landeigendur og gerð útboðsgagna, sem reiknað er með að verði send út í haust og svo verður verkið opnað fyrir lokatilboð í byrjun næsta árs.

-brv

Sýndi snarræði þegar litli bróðir grófst undir í snjóflóði

Það var mildi að ekki fór verr þegar 10 ára drengur grófst undir í snjóflóði í Hamrinum við Hveragerði á laugardaginn. Hafði snjóhengja fallið niður hlíð Hamarsins þar sem börn voru að leik. 14 ára bróðir drengsins sýndi mikið snarræði og hárrétt viðbrögð er hann staðsetti bróður sinn í flóðinu, gróf frá andliti hans og hringdi í Neyðarlínuna eftir aðstoð.

Hjálparsvéit Skáta í Hveragerði, auk björgunarsveita frá Selfossi og Eyrarbakka voru kallaðar til og sinntu björgun drengsins og komu honum í sjúkrabífreið.

Lögregla og Slysavarnarfélagið Landsbjörg vill beina þeim tilmælum til fólks að vera ekki á ferð við Hamrin í Hveragerði eða við hlíðar hans. Veðuraðstæður hafa skapað fjölda snjóhengja sem hætta er á að geti fallið.



Mynd: Björgunarfélag Árborgar



Björgunarfólk kemur sjúkrabörum til drengsins. Mynd: BÁ



Björgunarstarfið gekk vel. Mynd: HSSH

Fáðu fagmann í verkið

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
 Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
 Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)




Kirkjulundur 19
 Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
 842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
 821 2045



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Sumarstörf í fangelsum landsins

Fangelsismálastofnun leitar að áhuga-sömu starfsfólki til starfa við fangavörslu sumarið 2022.

Starf fangavarða er fjölbreytt og felst m.a. í leiðsögn og aðstoð við skjólstæðinga, eftirliti, verkstjórn og þátttöku í allri daglegri starfsemi fangelsa. Um er að ræða gefandi en jafnframt krefjandi starf í lifandi starfsumhverfi þar sem engir tveir dagar eru eins.

Við leitum að lausnamiðuðum einstaklingum sem eru góðir í samskiptum, geta brugðist skjótt við breytilegum aðstæðum, finnst gaman að vinna með fólki og vilja láta gott af sér leiða.

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á fangelsi.is.

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar nk.

Manndýr í Kerhólsskóla

Kerhólsskóli fékk frábært boð um að fá sýninguna Manndýr til sín fyrir árgangana 2016 og 2017 í leikskóladeild og 1.-2. bekk. Sýningin fór fram uppi á sviði í Félagsheimilinu.

Sýningin Manndýr, sem er á vegum List fyrir alla, er þátt-

tókusýning um hlutverk mannsins út frá sjónarhorni barna. Manndýr er á mörkum þess að vera leikverk, innsetning og listasmiðja. Í sýningunni er gestum boðið inn í heim þar sem hægt er að upplifa með eyrum, augum og höndum, sjálf eða í

samvinnu. Sviðshöfundur, listrænn stjórnandi og flytjandi er Aude Busson.

Börnin virtust hafa mjög gaman af og voru virkir þátttakendur.



Sunnulækjarskóli

Vegna forfalla vantar matráð / matreiðslumann til starfa í mótuneyti Sunnulækjarskóla.

Reynsla af stjórnun í eldhúsi og góð samskiptahæfni eru mikilvægir eiginleikar. Æskilegt er að umsækjandi hafi menntun sem nýtist í starfi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag. Starfshlutfall er 100%.

Vakin er athygli á stefnu Sveitarfélagsins Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá sveitarfélaginu og að vinnustaðir endurspeglji fjölbreytileika samfélagsins.

Um er að ræða tímabundna ráðningu með möguleika á framlengingu. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Nánari upplýsingar um störfin eru á ráðningarvef sveitarfélagsins og hjá skólastjóra í síma 480-5400 og netfang birgir@sunnulaekjarskoli.is.

Sækja þarf um stöðurnar á vef sveitarfélagsins, starf.arborg.is/storf/

Umsóknarfrestur er til 4. mars 2022.

Skólastjóri



Viðskiptavinir Sjóvá greiða ekki fyrir lögboðnar bílategyggingar heimilisins í maí

Nánari upplýsingar á sjova.is



SJÓVÁ

Vendur og fluttur
vinnutæknir

PROJOB
SWEDISH WORKWEAR

Sjáum um allar
merkingar

6474 3407 6704 6202 5550

VID GERUM
HALLT MERKILEGT

FAGFORM

ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir tilboðum í:
„Malbiksyfirlagnir_malbik í Ölfusi 2022“



Verkið felur í sér malbiksyfirlagnir í Þorlákshöfn og Gjúfurbyggð. Fræsa skal samskeyti þar sem nýtt malbik kemur að eldra malbiki. Hækka skal niðurfallsristar, brunnlok og spindilhús eftir því sem við á. Eftir að gert hefur verið við stakar malbiksskemmdir skal leggja malbiksyfirlag á göturnar. Miðað er við að hjólfarafylla og fylla í smærri malbiksskemmdir s.s. steinlos og minniháttar sig í einni yfirlögn. Límbra skal á allt eldra malbik sem lagt verður yfir. Að auki er um að ræða nýmalbikun á göngustíg við Ölfusveg og bílastæði við Skálholtsbraut.

Helstu magntölur fyrir árið 2022 eru:

Malbikun yfirlögn (AC16 45 mm þykkt)	2735 m ²
Malbikun yfirlögn (AC16 40 mm þykkt)	12274 m ²
Malbik efni (yfirlagnir) AC 16	1566 tonn
Fræsun lása	187 m
Viðgerðir á malbiki	250 m ²
Malbikun á stígum, bílastæðum	1581 m ²

Verklok malbiksyfirlagna eru 17. júní 2022, en nýlagna samkvæmt samkomulagi við verkkaupa..

Útboðsgögn verða aðgengileg á vefnum frá hádegi 17. febrúar

Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef sem er aðgengilegur hér:
<https://olfus.ajourssystem.is/Tender/DirectLink/739da902-a7bf-44ba-acc7-4b59877c2011>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrá sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til kl. 11:00 þriðjudaginn 1. mars 2022.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendur verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opnunar tilboða verður bjóðendum sent opnaryfirlit rafrænt.

Sveitarstjórn Ölfuss

Halla



ið prjónamerki utanum síðustu lykkjuna. Setjið næstu 8 l á geymslunælu og prjónið síðan aftur 70 l og setjið prjónamerki utan um fyrstu og síðustu lykkjuna. Umferðin endar vinstra megin á bakinu.

Ermar

Fitjið upp 36 l á sokkprjóna nr 7 og prjónið stroff eins og áður 26 umferðir. Prjónið eina umferð sl og aukið þá út með því að prjóna tvisvar í aðra hverja lykkju. Þá verða á prjóninum 54 lykkjur. Skiptið yfir á stuttan hringprjón nr 9. Prjónið áfram sl og aukið út um 2 l á miðri undirermi í 10. hverri umferð alls 5 sinnum. Þá eru á prjóninum 64 l. Prjónið áfram þar til ermin mælist 47 sm. Setjið fyrstu 4 og síðustu 4 l á geymslu-prjón og prjónið ermina við bolinn. Prjónið að hægri ermaganinu. Prjónið hina ermina eins og klárið umferðina en hættið þegar tvær lykkjur eru eftir að prjónamerkinu. Nú eru 252 l á prjóninum.

Berustykk

Prjónið sl og gerið laskaúrtöku (sjá leiðbeiningar fyrir ofan) við öll samskeytin í annarri hverri umferð alls 15 sinnum. Úrtakan er gerð þegar tvær lykkjur eru eftir að merktu lykkjunni sem er alltaf prjónuð brugðin.

Sokkprjónar og hringprjónar 40 og 80 sm nr 7 og hringprjónar 40 og 80 sm nr 9. Prjónamerki og geymslunælar 4 stk. Garn ALICE frá Permin 7 dokkur. Prjónafesta 15 l = 10 sm

Skammstafanir

l = lykkja, sl = slétt lykkja, br = brugðin lykkja. Laskaúrtaka = prjónið saman 2 l, 1 br, taka 1 l af prjóninum óprjónaða, prjónið næstu og steypið þeirri óprjónuðu yfir.

Bolur

Fitjið upp 156 lykkjur á og prjón nr 7 og tengið saman í hring. Prjónið stroff 3 l sl og 3 l br 12 umferðir. Skiptið yfir á prjón nr 9 og prjónið sl þar til bolurinn mælist 45 sm. Í síðustu umferðinni eru fyrstu 8 lykkjurnar settar á geymslunælu. Setjið prjónamerki utan um næstu lykkju, prjónið 70 l og setjið

Eftir þetta er prjónað stroff eins og áður. Haldið áfram að gera laskaúrtöku á sama hátt og áður, alls 8 sinnum og þá eru 68 l eftir á prjóninum (Skiptið yfir á styttri hringprjón þegar það hentar.)

Skiptið yfir á stuttan hringprjón nr 7 og prjónið án úrtöku 32 umferðir eða eins langt og ykkur langar að hafa rúllukragann. Athugið að í framhaldi af löskunum er prjónað sl í sl og br l í br l en annars fylgt stroffprjóninu eins og áður.

Fellið laust af.

Gangið frá endum og saumið saman undir handvegum. Þvoið í volgu sápuvatni og leggið til þerris. Ágætt er að vinna peysuna fyrst í handklæði.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Útgefandi: Prentmet Oddi,
Eyraey 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson,
sími 856 0673, gunnar@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi.
Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf:
Ármann Dalmannsson
Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Í mig er sáð og upp úr mér tekið oftast að hausti.
Til verndar búfjár var að mér fengur.
Vegna ófirðar þarf mín ei lengur.

Svar við gátu í blaði 2637: **Vegur**
1. Farvegur - 2. Túnvegur
3. Laugavegur



VIÐ ÓSKUM EFTIR

BLAÐAMANNI

Prentmet Oddi óskar eftir metnaðarfullum blaðamanni í Dagskránni, fréttablað Suðurlands. Sveigjanlegt starfshlutfall er í boði fyrir réttan aðila.

Helstu verkefni: Fréttaöflun fyrir Dagskrána og DFS.is, uppsetning á Dagskránni, auglýsingaöflun, útkeyrsla á prentverkum og önnur tilfallandi verkefni.

Umsóknarfrestur er til 7. mars nk.

Hæfniskröfur

- Æskilegt að hafa reynslu og þekkingu á fjölmiðlum og fréttáöflun.
- Hafa brennandi áhuga á blaðamannastörfum.
- Framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfni.
- Gott vald á ljósmyndun og myndbandagerð.
- Góð tölvu- og tækniþekking.
- Gott vald á íslensku og ensku.
- Góð skipulagshæfni.

Menntunarkröfur

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi, t.d. fjölmiðlafræði eða prentsmiður/grafískur miðlari.

Nánari upplýsingar um starfið veita framkvæmdastjóri mannauðsmála í isi@prentmetoddi.is, s. **8 560 601** og útibústjórinn Prentmets Odda á Selfossi þ.e. brv@prentmetoddi.is, s. **8 560 656**.

Vinsamlegast sakið um starfið á alfred.is.



Prentmet Oddi á Selfossi rekur Dagskrána, fréttablað Suðurlands. Dagskráin er prentuð í 5200 eintökum og er dreifð á alla helstu þjónustustaði á Suðurlandi, ásamt því að fara í blaðakassa á Selfossi, í Hveragerði, Þorlákshöfn, Stokkseyri og Eyrbakka. Fréttavefurinn DFS.is er rekinn samhliða blaðinu. Á miðlunum okkar er að finna fréttir og umfjallanir af sunnlensku mannlífi.



Aðstoðarskólastjóri óskast



Sunnulækjarskóli auglýsir lausa til umsóknar stöðu aðstoðarskólastjóra Sunnulaekjarskóla á Selfossi. Við leitum að öflugum og farsælum leiðtoga til að stýra framsæknum skóla í ört stækkandi sveitarfélagi. Ráðið verður í stöðuna frá 1. maí 2022 eða eftir nánara samkomulagi.

Í Sunnulaekjarskóla eru um 700 nemendur í 1.-10. bekk og innan hans er starfrækt Sérdeild Suðurlands, Setrið. Í Sunnulaekjarskóla er starfað eftir hugmyndafræðinni Uppeldi til ábyrgðar. Lögð er áhersla á teymiskennslu í lærdómssamfélagi nemenda og starfsmanna þar sem virðing og traust ríkir. Góð samvinna starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans er lykill að árangri. Einkunnarorð skólans eru gleði, vinátta og frelsi. Skólar og fjölskyldusvið sveitarfélagsins vinna að styrkingu heildstæðrar nærpjónustu við börn, foreldra og skóla. Áhersla er lögð á snemmtækan stuðning, öflug tengsl skóla og skólastiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins. Nánari upplýsingar um Sunnulaekjarskóla má finna á vef skólans, www.sunnulaekjarskoli.is.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfshlutfall er 100%. Vakin er athygli á stefnu Sveitarfélagsins Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá sveitarfélaginu og að vinnustaðir endurspeglí fjölbreytileika samfélagsins.

Umsóknarfrestur er til 14. mars 2022. Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá auk kynningarbréfs þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Nánari upplýsingar um störfín eru á ráðningarvef sveitarfélagsins starf.arborg.is og hjá skólastjóra í síma 480-5400 og netfang birgir@sunnulaekjarskoli.is.

Sækja þarf um stöðurnar á vef sveitarfélagsins, starf.arborg.is/storf/ Umsóknir gilda í 6 mánuði.

Meginverkefni

- Staðgengill skólastjóra
- Vinnur ásamt samstarfsfólki að stefnumörkun skólans
- Veitir faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Kemur að skólanámskrágerð og innra mati
- Vinnur ásamt skólastjóra að daglegri stjórnun skólans og skipulagningu skólastarfsins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf grunnskólakennara og kennslureynsla í grunn-skóla
- Framhaldsmenntun í stjórnun eða uppeldis- og kennslufræði er mikill kostur
- Þekking og reynsla af stjórnun er æskileg
- Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun er skilyrði
- Þekking á teymiskennslu og sveigjanlegu skólastarfi er mikill kostur
- Jákvæðni og góð færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Skólastjóri



Bókasafn Árborgar



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Næsta fimmtudag, þ.e. 24. febrúar kl. 17:15 kemur Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur og lektor við H.Í. til okkar á Bókasafn Árborgar og flytur okkur sína samantekt yfir það áhugaverðast sem kom fram í síðasta bókaflóði.

Allir hjartanlega velkominir!



Úthlutun orlofshúsa Bárunnar, stéttarfélags fyrir sumarið 2022

Báran, stéttarfélag auglýsir orlofshús félagsins í Grýluhrauni 9, við Þverlág 2 og 6 á Flúðum, Borgarbyggð 12 í Svignaskarði (skiptibústaður) og íbúð á Akureyri (Ásatún 12) til leigu sumarið 2022 fyrir félagsmenn.

Umsóknarfrestur er frá 23. febrúar til 9. mars nk.

Sótt er um á Orlofssíðu Bárunnar, hægt er að fá aðstoð við umsóknarferlið á skrifstofu félagsins að Austurvegi 56, 800 Selfoss eða í síma 480 5000.

Úthlutun orlofshúsa mun liggja fyrir þann 11. mars nk.

21. mars lýkur greiðslufresti þeirra sem hafa fengið úthlutað.

23. mars klukkan 11:00 verða ógreiddar og úthlutaðar vikur opnar á orlofsvefnum og gildir þá „fyrstur kemur fyrstur fær“.

Öllum umsóknum verður svarað.

Verð á vikuvöl í bústöðunum og fyrir íbúð á Akureyri er 22.000 kr.

Vikuleigan á Flúðum, Grýluhrauni og Svignaskarði er frá föstudegi til föstudags.

Vikuleigan á Akureyri er frá miðvikudegi til miðvikudags.

Tímabilin eru:

Þverlág 2 og 6, Grýluhrauni 9, Borgarbyggð 12 – frá 03.06.2022 - 02.09.2022.

Akureyri, - frá 01.06.2022 - 31.08.2022.

Íbúðinni í Sóltúni 28, Reykjavík, verður ekki úthlutað heldur verður hún í sveigjanlegri leigu eins og ávallt.

Báran, stéttarfélag

Austurvegi 56, 800 Selfoss – sími 480 5000
baran@baran.is - <https://www.baran.is>



Heimspekibækur eru kjarninn í öllu hjá mér núna segir lestrarhesturinn Viðar Benónýsson

Viðar Benónýsson er fæddur á Selfossi en alinn upp í Rangárfingi-Eystra. Eftir leik- og grunnskóla á Hvolsvelli var haldið í Menntaskólann að Laugarvatni. Svo tóku við nokkur ár af vinnu og fjöri með viðkomu í flestum heimsálfum sem vitað er um. Síðan hélt leiðin áfram í iðnnám og þar lærði strákurinn að múra. Að hálfu námi loknu stækkaði fjölskyldan. Þá fór námið aðeins á ís. En nú skal gera aðra atögu að seinni hlutanum, reyna að bræða ísinn og nýta búsetuna í Reykjavík til þess.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er lesatur um þessar mundir en það eru nokkrar bækur sem bíða á náttborðinu. Það sem stýrir lestrinum er breytilegur áhugi hverju sinni sem er þó í sífelldri í endurskoðun. Ég nefni bækurnar 7 Habits of highly effective people eftir Stephen Covey sem snýst um það að ná sem bestum árangri í markmiðssetningum, The Holographic Universe eftir Michael Talbot þar sem fjallað er meðal annars um hvort að alheimurinn geti verið risastór heilmynd eða þríviddarmynd sem varpað er út í geiminn. Og Deep Simplicity (John Gribbin) og Evolution 2.0 (Perry Marshall). Þessar bækur eru nú teknar upp endrum og sinnum í mismunandi röð hverju sinni. Lestrarvenjan breyttist á einum tímamarki og fór ég þá að lesa smá í einni bók og skipta yfir í næstu í tíma og ótíma. Hvort það svo breytist verður að koma í ljós.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Það eru bækur sem geta mögulega fært mér skilning á sjálfum mér, öðru fólki og heiminum. Sálfræðibækur, sagnfræðibækur, heimspekibækur, ævisögur, bækur um náttúru og heima og geima. Ég hef mestan áhuga á bókaflökk sem ég myndi kalla sannsögur eða óskáldaðar bókmenntir. Huga stundum um að ég muni lesa



Eitthvað sem einkennir lestrarvenjur þínar?

Eftir annað ár í Menntó á Laugarvatni hófst lesturinn af alvöru. Ég valdi að lesa Reisu-bók Guðríðar Símonardóttur í íslenskuáfangi hjá Józuri og þá var ekki aftur snúið. Með lestri þeirra bókar áttaði ég mig á áhuganum á sögunni og upp úr því spratt mikill lestraráhugi. Þessi bók er mögnuð og ég gat varla látið hana frá mér. Á þessu tímabili var lesið og lesið við hvert tækifæri og í langan tíma í senn, hverja bókina á eftir annarri. Það var venjan. Það hefur aðeins dregið úr lestrinum núna. Lestrarvenjurnar þessa dagana er að taka upp bók við og við ef ég nenni því. Þegar það gerist þá eru lesnar tíu blaðsíður eða í hálf tíma.

En áttu þér uppá-haldshöfunda?

Peter Ralston er einn góður. Sá skrifaði meðal annar áhrifamikla bók sem heitir The book of not knowing og Zen body being. Höfundurinn var heimsmeistari í blönduðum bardagalistum í Kína árið 1978. Eftir það hætti hann að berjast og einbeitti sér að kennslu, bæði í bardagalist og í hugun með innblástur frá zen buddisma. Peter er mjög áhugaverður maður sem er erfitt að segja frá í stuttu máli. En skilaboðin og pælingarnar eru áhugaverðari. Hann talar mikið um að taka engri vitneskju sem gefinni. Það er alltaf hægt að skilja eitthvað betur. Bara að íhuga það fyrir alvöru. Það er oft þetta einfalda sem við tökum sem gefnu eða sem sjálfsgöðu. Þar liggur sannleikurinn. Kannski betur sagt: Að yfirsjá ekki það augljósa.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Stundum hafa bækur stolið eitthvað smá af svefninum. Ég get ekki neitað því. Kannski Reisu-bók Guðríðar Símonardóttur hafi aðeins tekist það - daginn fyrir próf í menntaskóla.

En að lokum Viðar, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Það er óráðið og alltof vanhugað. Ég held að það muni gerast seint ef það gerist. En ef ég gef mér þá ímyndun þá væri það heimspekibók um eigin upplifun af heiminum. Svo væri næsta bók kannski um ævintýramiklar raunir eftir mikið ferðalag.

Lestrarhesturinn er í umsjón Józura. Sendið honum óskir á jonozur@gmail.com

þessar gömlu íslensku hetju-sögur, svona eftir fimmtugt, þá kannski við arineld. En það gæti endað með sögurnar í sýndargleraugum hver veit. Heimspekibækur eru þó kjarninn í öllu hjá mér núna og enda ég alltaf þar fljótt þegar ég fer út í eitthvað annað. Það eru þá bækur sem gefa ýmis sjónarhorn á tilveruna og sýna leiðir til að takast á við tilveruna.

Ertu alinn upp við lestur bóka?

Það var lesið fyrir mig á kvöldin aðallega. Það kemur upp í hugann bók sem heitir Vippi, svo var það Benjamín dúfa. Í grunnskóla er það Gæsaþúð sérúnnar eftir Helga Jónsson. Svo voru bækurnar Sturlaðar staðreyndir. Þær las ég í hálf tíma lestrastundum fyrir hádegismat á elsta stigi í grunnskóla. Þær kröfðust ekki mikillar einbeitingar sem var fínt fyrir unglingin. Ég man eitt sumarið þá stofnuðum við nokkrir krakkar smá bókaklúbb og lás um öll sömu bókaseríunna. Ég man ekki hvaða bækur þetta voru. Líklega einhver drekaævintýri. Þetta endist ekki lengi en er minnstætt og skemmtilegt.



Atvinna Bókhaldsstofa

Vantar hálf dags starfskraft á bókhaldsskrifstofu á Selfossi. Vinnutími er eftir hádegis. Æskileg reynsla og þekking á dk-viðskiptahugbúnaði og Office.

Upplýsingar um starfsferil og umsókn sendist á; dfs@dfs.is. Öllum umsóknum verður svarað.

Meiri metnað í uppbyggingu húsnæðis í Hveragerði

Á bæjarstjórnarfundum Hveragerðisbæjar 10. febrúar sl. var tekin fyrir húsnæðisáætlun bæjarins til ársins 2031. Á vef Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar segir að „[h]lutverk húsnæðisáætlana er að draga fram mynd af því hver staða húsnæðismála er í hverju sveitarfélagi fyrir sig, greina framboð og eftirspurn eftir margvíslegum húsnæðisformum og setja fram áætlun um hvernig sveitarfélagið ætla að mæta húsnæðisþörf heimila, bæði til skemmri og lengri tíma. Megin markmið með gerð húsnæðisáætlana er því að stuðla að auknu húsnæðisöryggi heimilanna“.

Ekki áætlun um fjölbreytta húsnæðiskosti
Í húsnæðisáætlun Hveragerðisbæjar 2022, sem lögð var fyrir fund bæjarstjórnar Hveragerðis, er að finna greiningu á stöðu í húsnæðismálum í sveitarfélaginu og hvert framboð húsnæðis þurfi að vera til að halda við núverandi stöðu. Því miður er ekki að finna í húsnæðisáætluninni metnaðarfull markmið um sókn í húsnæðismálum til að tryggja fjölbreytta húsnæðiskosti í bæjarfélaginu.

Námsmannaíbúðir
Sem dæmi má nefna að í húsnæðisáætlun Hveragerðisbæjar er ekki að finna markmið um uppbyggingu námsmannaíbúða eða eins og segir í áætluninni: „Í sveitarfélaginu er ekki hefð fyrir húsnæði fyrir námsmenn og ekkert slíkt húsnæði til staðar. Af þeirra ástæðu er engin eftirspurn eftir leiguhúsnæði fyrir námsmenn í Hveragerði.“ Þetta er í raun ótrúlega metnaðarlaus framsetning. Í raun ætti sveitarfélagið að setja sér markmið um að námsmannaíbúðir verði í Hveragerði og líklega yrðu

slíkar íbúðir eftirsóttar meðal námsmanna með fjölskyldur, og námsmanna sem eiga rætur í Hveragerði og vilja búa hér áfram þó nám sé sótt til höfuðborgarsvæðisins.

Leiguíbúðir
Í húsnæðisáætlun er ekki heldur sett fram áætlun um hlutfallslega fjölgun leiguíbúða, heldur látið nægja að viðhalda því hlutfalli sem er í Hveragerði nú þegar. Áætlað hefur verið að um 7-11% heimila í Hveragerði séu í leiguhúsnæði. Á Norðurlöndunum er hlutfall íbúa í leiguhúsnæði mun hærra en þekkt hér á landi og er til að mynda áætlað að um 35% Dana búi í leiguhúsnæði. Með það að markmiði að stuðla að auknu húsnæðisöryggi í sveitarfélaginu, og að í Hveragerði séu fjölbreyttir búsetukostir sem henta öllum, ætti Hveragerðisbær að hafa það markmið að hlutfall almennra leiguíbúða sé mun hærra. Hveragerðisbær getur beitt sér fyrir því að fleiri íbúðir verði byggðar í gegnum leigufélög sem eru rekin án hagnaðarsjónarmiða og önnur almenn leigufélög.

Félagslegt leiguhúsnæði
Sama er uppi á teningnum með félagslegt leiguhúsnæði í húsnæðisáætlun Hveragerðisbæjar. Ekki er gert ráð fyrir nægilegri fjölgun slíkra íbúða þó að þörfin sé mikil og alþekkt sé að Hveragerðisbær er eftirbátur annarra sveitarfélaga í að bjóða upp á félagslegt leiguhúsnæði. Hveragerðisbær á nú aðeins sex íbúðir sem eru leigðar út á félagslegum grunni, en það eru tvær íbúðir á hverja 1.000 íbúa. Til samanburðar má geta þess að árið 2020 voru í Reykjavík um 21 félagsleg leiguíbúðir á hverja 1.000 íbúa. Í nágrennsveitarfélögum Hveragerðis er staðan



líka miklu betri, í Sveitarfélaginu Árborg voru þær árið 2020 um fimm á hverja 1.000 íbúa og í Sveitarfélaginu Ölfusi um sex. Samkvæmt húsnæðisáætlun Hveragerðis á að fjölga félagslegu leiguhúsnæði um 7-9 til ársins 2031, þó að nú séu þegar 17 aðilar á biðlista. Augljóst er að gera þarf miklu betur til að standa undir þessari lögbundu þjónustu.

Sókn í stað stöðnunar
Sú aðgerð að fjölga og auka fjölbreytni í búsetuúrræðum í Hveragerði mun eitt og sér tryggja húsnæðisöryggi fjölda fjölskyldna. Í húsnæðisáætlun ættu að vera metnaðarfull markmið um fjölbreytt húsnæðisform frekar en að hafa það að markmiði að halda í núverandi stöðu. Þess vegna þarf nýr meirihluti sem tekur við í vor að gera gagnrýsar breytingar á húsnæðisáætlun Hveragerðis og mun bæjarmálafélagið Okkar Hveragerði gera það ef það fær tækifæri til þess.

Njórður Sigurðsson, bæjarfulltrúi Okkar Hveragerðis

Skólamál við ströndina

Skólaganga barna við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri hefur sjálfsagt aldrei verið jafn krefjandi og nú. Ofan á heimsfaraldur og öllum þeim áhrifum sem honum hefur fylgt eru börnin sem ganga í skólann á Eyrarbakka dreifð um þorpið í kennslu sinni. Skólastarf á Stokkseyri er einnig dreift og snúið en mygla hefur fundist í gömlu skólabyggingunni á Stokkseyri og næstum öllum byggingunum á Eyrarbakka. Svo mikil er myglan að byggingarnar eru ónothæfar enn sem komið er. Myglan er í rauninni ekki vandamálið. Myglan sem fannst táknar endalok gálga-frests sveitastjórnar Árborgar. Það hefur, í tæplega 20 ár, legið

ljóst fyrir að þessar byggingar eru óboðlegar börnum og kennurum sama hvort þar sé mygla að finna eða ekki. Vandamálið er í raun áhugleysi kjörinna fulltrúa sveitarstjórnarinnar og sinnuleysi gagnvart umbjóðendum sínum og þá sérstaklega börnum á Eyrarbakka og Stokkseyri. Sveitarstjórnendur, síðustu 20 ára, hafa í raun brugðist börnunum, íbúnum og skyldum sínum með því að vera ekki búnir að byggja nýjan skóla á Eyrarbakka. Skólabygging sem átti að vera tilbúin fyrir næstum 15 árum. Einhverjir hafa ekki staðið við orð sín né unnið vinnu sína. Þeirra er skömmin. Bygging nýs skóla á Eyrarbakka snýst einnig um annað

málefni en aðbúnað barna þó börnin skipti hér mestu máli. Bygging skólans snýst líka um afleiðingar sameiningarstefnu sveitarfélaganna þ.e.a.s. fyrir minni byggðir sem sameinast stærri. Fyrir íbúa á ströndinni snýst þetta mál um hvort sameiningin undir lok síðustu aldar hafi verið slæm fyrir íbúanna eða görsamlega hræðileg og hvort kjörnir fulltrúar beri einhverja virðingu fyrir umbjóðendum sínum á Stokkseyri og Eyrarbakka. Þetta er stærri prófsteinn en við fyrstu sýn.

Jón Ólafsson, Útvarsgræiðandi í Árborg

Deildarfundur Sláturfélags Suðurlands

Deildarfundur Sláturfélags Suðurlands fyrir Gaulverjadeild, Árborgardeild, Hraungerðisdeild, Villingaholtsdeild, Grímsnesdeild, Þingvalla/Grafningsdeild og Ölfusdeild

verður haldinn í Þingborg þriðjudaginn 6. mars kl. 20.30.

Bændur eru hvattir til að mæta til að kynna sér rekstur félagsins og taka þátt í að móta framtíð þess.

Stjórnin



Aðalfundur Rauða krossins í Hveragerði

verður haldinn miðvikudaginn 8. mars kl. 17.00 á Mánamörk 1

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um starf deildarinnar á liðnu starfsári.
3. Áritaður og skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.
4. Framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár lagðar fram til kynningar.
5. Innsendar tillögur skv. 6. mgr. 21. gr.
6. Kosning deildarstjórnar skv. 21. og 22. gr.
7. Kosning skoðunarmanna og vararmanna þeirra. Skv. 22. gr.
8. Önnur mál.

